

**Nd.**

**16. Frumvarp til laga**

[16. mál]

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „1.—4.“ á tveimur stöðum í: 1.—3.

3. gr.

Í 6. gr. laganna falli niður á tveimur stöðum orðin „2. másl. 4. tölul. og“.

4. gr.

Í 7. gr. laganna falli niður orðin „fyrsta másl. 4. tölul.“

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Frumvarp þetta er borið fram samhliða frv. um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánnum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki frammar skilyrði verzlunarleyfis. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, er varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað; sbr. þskj. 217, 1957.